

Verklagsreglur við undirbúning og framkvæmd verklegra framkvæmda

Á fundi bæjarstjórnar Hafnarfjarðar þ. 28. nóvember 2018. var eftirfarandi tillaga tekin fyrir og samþykkt:

1811390 - Framkvæmdir, verklagsreglur

Lögð fram eftirfarandi tillaga:

„Umhverfis- og skipulagsþjónusta er falið að búa til verklagsreglur til að tryggja gæði, hagkvæmni og skilvirkni framkvæmda allt frá hugmyndastigi til framkvæmda og út ætlaðan líftíma þeirra. Á þetta við um allar þær framkvæmdir sem Hafnarfjarðarkaupstaður mun ráðast í og gildir þar einu hvort framkvæmdin verði að hluta til eða að öllu leyti í eigu Hafnarfjarðarkaupstaðar“.

Greinargerð með tillögunni:

„Hafnarfjarðarkaupstaður notar mikla fjármuni bæjarbúa á ári hverju í hin ýmsu fjárfestingaverkefni. Þar má nefna götur, göngustíga, byggingar, skóla og svo framvegis. Mikilvægt er tryggja að opinberar framkvæmdir standist allar áætlanir. Umræðan um framúrkeyrslu opinberra framkvæmda hefur farið hátt undanfarnar vikur og mánuði. Dæmi eru um að hér á landi fari framkvæmdir jafnvel tugi prósentu fram úr áætlun þegar kemur að kostnaði og á þetta á líka við um framkvæmdatíma sem verður oft lengri en gert var ráð fyrir í upphafi. Hér þurfa bæði sveitarfélög og ríki að styrkja betur stjórnásluna í undirbúningi og stjórnun framkvæmda. Sérfræðingar hafa bent á að íslenskt regluverk og vinnubrögð standi talsvert að baki því sem þekkist í öðrum þróuðum ríkjum og greina þurfi betur óvissu og áhættu í öllum áætlunum sem gerðar eru í upphafi. Markmiðið með þessari tillögu er því að tryggja faglega umgjörð og að gerðar séu viðeigandi ráðstafanir þegar ráðist er í umfangsmiklar og kostnaðarsamar framkvæmdir. Það er því mikilvægt að hér í Hafnarfirði liggi fyrir skýrar verklagsreglur þegar ráðist er í framkvæmdir og gildir þar einu hvort framkvæmdin verði að hluta til eða öllu leyti í eigu Hafnarfjarðarkaupstaðar“.

Bæjarstjórn samþykkti samhljóða fyrirbyggjandi tillögu um að umhverfis- og skipulagsþjónusta yrði falið að búa til verklagsreglur til að tryggja hagkvæmni og skilvirkni framkvæmda.

Eftirfarandi er tillaga að verklagsreglu í samræmi við samþykktu tillögu bæjarstjórnar. Hún skiptist í eftirtalda þætti:

1.	Frumathugun.....	3
1.1	Forathugun.....	3
1.2	Frumáætlun.....	4
2.	Áætlunargerð.....	4
2.1	Frumhönnun.....	5
2.2	Verkhönnun.....	5
2.3	Útboðsgögn.....	6
2.4	Áætlanir og afgreiðsla.....	7
3.	Verkleg framkvæmd.....	8
3.1	Undirbúningur.....	8
3.2	Útboð.....	8
3.3	Framkvæmd.....	9
3.4	Eftirlit.....	9
3.5	Afhending.....	9
4.	Skilamat.....	9

Við gerð verklagsreglna fyrir Hafnarfjarðarbæ, um undirbúning og framkvæmd verklegra framkvæmda er stuðst við lög og reglugerðir sem gilda um opinberar framkvæmdir. Auk þess er stuðst við verklagsreglur fjármálaráðuneytisins frá 2002, sem eru settar á grundvelli reglugerðar nr. 715/2001 um skipulag opinberra framkvæmda.

Við undirbúning verklegra framkvæmda verði fylgt verklagi sem skiptist í fjóra þætti;

1. Frumathugun
2. Áætlanagerð
3. Verklegr framkvæmd
4. Skilamat

Hér á eftir er gerð grein fyrir þessum megin þáttum, en að öðru leiti er vísað í verklagsreglur fjármálaráðuneytisins.

1. Frumathugun

Frumathugun er fyrsti áfangi framkvæmdar. Á því stigi fær verkefnið efnislega meðferð og könnun með það að markmiði að leiða í ljós þörf, umfang og helstu forsendur þess. Í könnuninni eru dregnir fram þeir kostir sem koma til greina við lausn verkefnisins, hagkvæmni þeirra er metin og gerð er rökstudd tillaga um eina ákveðna lausn. Sú tillaga er að því búnu tekin til nánari skoðunar og lýkur með heildstæðri greinargerð um lausn verkefnisins.

Útfærsla frumathugunar fer nokkuð eftir því verkefni sem um ræðir, en almennt inniheldur hún tvo megin þætti;

- 1.1 Forathugun og
- 1.2 Frumáætlun.

Fara skal skilmerkilega í gegnum þessa tvo megin þætti frumathugunar og skal forathugun ljúka með ákveðinni niðurstöðu áður en ráðist er í frumáætlun. Í báðum meginþáttunum felast undirþættir og getur vægi þeirra verið misjafnt eftir verkefnum.

1.1 Forathugun

1.1.1 Lýsing verkefnis

Verkefninu er lýst og ítarleg rök færð fyrir ástæðum þess að ráðist skuli í það. Gerð er grein fyrir þeim markmiðum sem ætlað er að ná með verkefninu.

1.1.2 Hagsmunaaðilar

Gerð er gein fyrir hverjum verkefni á að þjóna, hverjir verði notendur og hvaða hagsmunaaðilar og opinberir aðilar komi til með að standa að því.

1.1.3 Þarfagreining

Gerð er grein fyrir eðli og umfangi verkefnisins og sú þörf skilgreind sem ætlunin er að leysa með því.

1.1.4 Skoðun lausna

Tekið er saman yfirlit um valkosti sem koma til álita við lausn þarfanna og hverjir séu helstu kostir þeirra og gallar.

1.1.5 Mat á stofn- og rekstrarkostnaði lausna

Framkvæmt gróft mat á stofnkostnaði þeirra lausna sem koma til greina. Einnig skal taka saman áætlun um rekstrarkostnað mismunandi lausna.

1.1.6 Mat á hagkvæmni lausna

Bornar eru saman þær lausnir sem til greina koma og mat lagt á hagkvæmni þeirra.

1.1.7 Niðurstaða og afgreiðsla

Á grundvelli samanburðar um valkosti skal gera tillögu að lausn og rökstyðja hana á einfaldan og skýran hátt.

1.2 Frumáætlun

1.2.1 Forsendur lausnar

Á grundvelli niðurstöðu forathugunar og ákvörðunar hlutaðeigandi, liggur á þessu stigi fyrir ákveðin tillaga að lausn á verkefninu. Á þessu stig i skal setja fram skýrar forsendur varðandi gerð og gæði mannvirkis að því er varðar efnisval og byggingaraðferðir, ásamt kröfum um endingu og kostnað að því marki sem við getur átt.

1.2.2 Frumuppdrættir

Gera skal frumuppdrætti eða skissur að fyrirkomulagi mannvirkis í smáum mælikvarða ef nauðsyn er talin á til að átta sig á stærð, samhengi og innbyrðis tengslum starfseminnar.

1.2.3 Áætlanir

Yfirfara skal og aðlaga kostnaðaráætlun og rekstraráætlun sem gerðar hafa verið miðað við þær forsendur sem lagðar hafa verið við afgreiðslu forathugunar. Gera skal tímaáætlun þar sem gert er ráð fyrir eðlilegum tíma til áætlunargerðar og verklegrar framkvæmdar. Einnig skal gera lauslega greiðsluáætlun vegna framkvæmdanna sem tekur mið af tímaáætluninni.

1.2.4 Niðurstaða

Frumathugun lýkur með vandaðri greinargerð um þá lausn sem ákvörðun hefur verið tekin um. Niðurstaða frumathugunarinnar er grundvöllur að næsta stigi framkvæmdar, sem er áætlunargerðin.

Samningar við hönnuði og aðra ráðgjafa á síðari stigum skulu byggjast á samþykktri frumathugun. Forsendur frumathugunar skulu jafnframt vera hluti samningsgagna ef ákveðið er að efna til hönnunarsamkeppni um verk.

2. Áætlunargerð

Áætlunargerð sem oft er nefnt hönnunarstigið er annar áfangi framkvæmdar. Eftir að frumathugun er formlega lokið getur fullnaðarhönnun mannvirkis á grundvelli hennar farið fram. Markmið

áætlunargerðar er að fyrir liggja nákvæmar forsendur fyrir gerð mannvirkis áður en verkleg framkvæmd hefst.

Áætlunargerð skiptist í eftirtalda fjóra meginþætti:

- 2.1 Frumhönnun
- 2.2 Verkhönnun
- 2.3 Útboðsgögn
- 2.4 Áætlanir og afgreiðsla.

2.1 Frumhönnun

2.1.1 Val á ráðgjöfum

Fyrsta skrefið í áætlunargerðinni er val og ráðning ráðgjafa, svo sem verkefnisstjóra og hönnuða. Það getur átt sér stað með útboði, hönnunarsamkeppni, hæfnisvali eða annarri viðurkenndri aðferð.

2.1.2 Frumhönnun

Við frumhönnun er mannvirkið skilgreint nánar frá frumathugun. Frumhönnun getur verið breytileg eftir eðli verkefnis og þarf að skilgreina vel í samningi við ráðgjafa. Við frumhönnun húsbygginga skal gera afstöðumynd, sem sýnir legu mannvirkis í umhverfinu, grunnmyndir, stærð og skipulag. Útlitsmyndir og sneiðingar eru gerðar í smáum mælikvarða. Verkfræðiráðgjafar vinna frumhönnun á grunsvelli arkitektateikninga og lýsinga. Við frumhönnun gatna og veitukerfa skal festa miðlínur, gera þversnið og langsnið gatna, gera grein fyrir öllum veitukerfum og uppbyggingu götu. Á frumhönnunarstigi skal auk þess gerð grein fyrir umferð, hljóðvist, gatnamótum, ofanvatnslausnum, landmótun o.fl. Oft er miðað við að frumhönnun gatna sé um 20% af heildarhönnun.

2.1.3 Kostnaðaráætlun

Að lokinni frumhönnun skal gera heildarkostnaðaráætlun fyrir framkvæmdina og bera slíka áætlun saman við kostnaðaráætlun frumathugunar.

2.1.4 Skil frumhönnunar - rýni

Frumhönnun lýkur með frumhönnunarskýrslu sem tekur á öllum þeim atriðum sem kunna að skipta máli í viðkomandi framkvæmd. Verkkaupi og e.t.v. notendur eða fulltrúar þeirra skulu yfirfara frumhönnun til þess að tryggt sé að framlag þeirra frá hugmyndastigi og þarfagreiningu hafi komist til skila. Að því loknu skal hönnunarhópurinn rýna frumhönnun.

2.2 Verkhönnun

2.2.1 Aðaluppdrættir / deiliskipulag

Við húsbyggingar gerir arkitekt aðaluppdrætti sem lagðir eru fyrir byggingarnefnd. Verkfræðiráðgjafar gera burðarþolsteikningar, lagnateikningar, raflagnateikningar og teikningar af öðrum sérhæfðum tæknikerfum.

Við götur og veitukerfi eru gerðir uppdrættir í framhaldi af frumhönnun sbr. lið 2.1.2.

2.2.2 Vinnuteikningar

Arkitekt, verkfræðiráðgjafar og aðrir sérfræðiráðgjafar gera vinnuteikningar af mannvirki. Þar skulu koma fram þær upplýsingar sem nauðsynlegar eru til þess að ljúka megi mannvirkinu að fullu með föstum innréttingum.

2.2.3 Deilihönnun

Í sumum verkefnum á sér stað deilihönnun eða gerð smíðateikninga. Í ýmsum verkefnaflokkum er slík vinna eðlilega innifalin í starfi verktaka og stundum er um að ræða samvinnu hönnuða og verktaka, til dæmis við gerð handbóka og rekstarleiðbeininga fyrir flókin tækni kerfi.

2.2.4 Framkvæmdakostnaðaráætlun

Á grundvelli verklýsinga og tilboðsskráa áætla hönnuðir kostnað við útboðsáfangana. Þessa áætlun sem nefnd er framkvæmdakostnaðaráætlun og er án reiknaðrar óvissu, skulu hönnuðir leggja fram áður en gengið er frá útboðsgögnum. Framkvæmdakostnaðaráætlunin er almennt byggð á reynslutölum.

2.3 Útboðsgögn

Gerð útboðsboðsgagna og samninga við verktaka skal unnin í samstarfi við bæjarlögmann.

2.3.1 Verklýsingar og tilboðsskrár

Hönnuðir skulu gera verklýsingar fyrir þá þætti framkvæmdar sem til stendur að ljúka í hverjum útboðsáfangana. Þær skulu vera svo nákvæmar að ekki leiki vafi á því hvaða kröfur eru gerðar til byggingarhluta eða verkþátta. Hönnuðir útbúa tilboðsskrá sem vísa til viðkomandi verkliðar í verklýsingu. Leggja skal áherslu á að magntölur séu nákvæmar.

2.3.2 Útboðslýsing

Fyrir hvern útboðsáfangana skal gera útboðslýsingu sem inniheldur útboðsskilmála og lýsingu á framkvæmdaáformum verkkaupa.

Í útboðslýsingu skal vera eftirfarandi ákvæði um starfskjör og keðjuábyrgð:

Seljandi skal vera skráður í fyrirtækjaskrá. Sé fyrirtæki frá öðrum ríkjum Evrópska efnahagssvæðisins eða aðildarríkjum stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu skal sýna fram á fullnægjandi skráningu í heimaríki með vottorði.

- Íslensk fyrirtæki: Vottorð úr fyrirtækjaskrá
- Erlend fyrirtæki: Sönnunargagn um að fyrirtækið sé skráð í fyrirtækjaskrá eða sambærilegri skrá í því landi þar sem fyrirtækið er stofnað.

Seljandi sem nýtir starfsmannaleigu skal geta sýnt fram á að hún hafi verið tilkynnt til Vinnuálagstofnunar og hafi starfsleyfi á Íslandi. Þjóðandi sem fyrirhugar að ráða ríkisborgara frá ríki utan Evrópska efnahagssvæðisins, EFTA-ríkis eða Færeyja skal sækja um og vera búinn að fá útgefið atvinnuleyfi áður en viðkomandi hefur störf.

Seljandi skal tryggja og bera ábyrgð á að allir starfsmenn hans, undirverktakar /starfsmannaleiga sem koma að framkvæmd samnings fái laun, starfskjör, sjúkra- og slysatryggingar og önnur réttindi, í samræmi við samninginn, gildandi kjarasamninga og lög hverju sinni. Ofangreint skal eiga við óháð lengd starfstíma starfsmanns. Seljandi skal uppfylla skyldur sínar sem notendafyrirtæki skv. lögum um

starfsmannaleigur ef þjónusta slíkra fyrirtækja er notuð og ábyrgist gagnvart kaupanda, að starfsmenn á vegum starfsmannaleiga njóti réttinda skv. íslenskum lögum og kjarasamningum.

Fari vinna fram utan Íslands, þá skulu laun vera í samræmi við kjarasamninga og lögbundin kjör í því landi eða í samræmi við kröfur Alþjóða Vinnuálastofnunarinnar (ILO International Labour Organisation).

Hvenær sem er á samningstíma skal seljandi geta sýnt viðkomandi stéttarfélagi og/eða Vinnueftirliti ríkisins fram á að öll réttindi og skyldur skv. ofangreindu séu uppfyllt. Seljandi skal framvísa gögnum sem sýna fram á að ofangreind réttindi og skyldur séu uppfyllt innan 5 virkra daga frá þeim degi sem gagna er óskað.

Kaupandi áskilur sér jafnframt rétt til að halda eftir samningsgreiðslum til að greiða vangoldnar launagreiðslur eða samningsgreiðslur beint til starfsmanna undirverktaka/starfsmannaleiga á kostnað seljanda, verði vanefndir gagnvart þeim. Kaupanda er heimilt á samningstíma að fara á starfsstöð seljanda/undirverktaka í samráði við viðeigandi stéttarfélag og Vinnueftirlit ríkisins og fá upplýsingar um starfsmenn og launagreiðslur til þeirra. Seljandi skal gera undirverktaka grein fyrir þessari samningsskyldu.

Kaupanda er heimilt vegna dagsekta eða vangoldinna launa að halda eftir greiðslum eða ganga á verktryggingu sé um hana að ræða og áskilur sér rétt til að ráðstafa greiðslum til þolanda/starfsmanns í samráði við viðkomandi stéttarfélag eftir því sem við á.

Beiting þessara vanefndaúrræða hefur ekki áhrif á gildi ábyrgðar/verktryggingar geri skilmálar samnings kröfu um slíka tryggingu.

Sé seljandi staðsettur erlendis, skal framangreint eiga við að svo miklu leyti sem heimilt er samkvæmt lögum heimalandsins. Réttindi starfsfólks skulu að lágmarki uppfylla kröfur Alþjóða Vinnuálastofnunarinnar (ILO International Labour Organisation).

2.3.3 Teikningar

Hönnuðir ganga frá teikningum sínum og sjá til þess að tilvísanir í verklýsingu séu nákvæmar og samræmdar.

2.3.4 Greinargerð um hönnun

Þegar hönnuðir leggja fram endanleg útböðsgögn skal fylgja greinargerð sem lýsir ferli hönnunar. Í greinargerðinni skal gera grein fyrir forsendum, bæði kostnaðar- og tímaáætlunar og breytingar eða frávil sem gerðar hafa verið frá frumathugun og ástæðum þeirra.

2.4 Áætlanir og afgangsla

2.4.1 Heildarkostnaðaráætlun

Á grundvelli framkvæmdakostnaðaráætlunar gerir verkkaupi eða lætur gera heildarkostnaðaráætlun fyrir framkvæmdina. Hún skal innihalda allan kostnað sem fellur á verkið á undirbúnings- og framkvæmdatíma, ásamt kostnaði vegna búnaðar og annars sem nauðsynlegt er til að hefja notkun mannvirkis. Við áætlaðan framkvæmdakostnað skal bæta skilgreindu álagi fyrir óvissu um magntölur og fyrir ófyrirséðan kostnaðarþætti. Aðrir kostnaðarliðir eru t.d. kostnaður við hönnun, eftirlit og umsjón, lóðargjöld, tengigjöld, tryggingar og kostnaður við listskreytingar og búnað.

Við uppgjör verksins og skilamat, skal endanlegur kostnaður miðaður við þessa heildarkostnaðar-áætlun.

2.4.2 Rekstraráætlun

Gera skal nákvæma rekstraráætlun til minnst fimm ára eftir að framkvæmd lýkur. Í rekstraráætluninni skal felast samanburður á núverandi rekstrarkostnaði starfseminnar og áætluðum rekstrarkostnaði hennar eftir að mannvirkni er komið í notkun og gerð grein fyrir mismun.

2.4.3 Fjárhags- og tímaáætlun

Á grundvelli heildarkostnaðaráætlunar er tímaáætlun fyrir framkvæmdina endurskoðuð. Á grundvelli áfallins og áætlaðs kostnaðar skal gera grein fyrir fjárhag verkefnisins. Skipta skal fjárförf verkefnisins á tímabili framkvæmdatímans að teknu tilliti til spár um verðlagsþróun.

2.4.4 Afgreiðsla - samþykkaferli

Þegar áætlunargerð er lokið og hún telst uppfylla tæknileg og fjárhagsleg og skilyrði, eru teknar ákvarðanir um framhald verksins á grundvelli hennar.

3. Verklef framkvæmd

Verklef framkvæmd er þriðji áfangi framkvæmdar. Þessi áfangi er hin eiginlega bygging eða smíði mannvirkis og þar fellur til megnið af kostnaði. Verklef framkvæmd inniheldur eftir atvikum fimm meginþætti;

- 3.1 Undirbúningur
- 3.2 Útboð
- 3.3 Framkvæmd
- 3.4 Eftirlit
- 3.5 Afhending.

3.1 Undirbúningur

3.1.1 Umsjón

Umhverfis- og skipulagssvið Hafnarfjarðarbæjar sér um útboð, annast gerð samnings við verktaka, ræður eftirlitsaðila og ber ábyrgð á störfum hans og tekur ákvarðanir um verkið innan ramma samnings milli verktaka og verkkaupa.

3.1.2 Verkefnisstjórn

Umhverfis- og skipulagssvið felur sérstökum verkefnisstjóra að annast stjórn verkefnisins. Hann vinnur að því í samræmi við samning þar um og fyrirliggjandi áætlanir um verkefnið.

3.2 Útboð

3.2.1 Útboð

Þjóða ber út framkvæmd fari fjárhæð hennar yfir kr. 49.000.000, sbr. lög um opinber innkaup nr. 120/2016. Framkvæmd að fjárhæð yfir kr. 721.794.800 skal þjóða út á Evrópska efnahagssvæðinu. Upphæðir samkvæmt reglugerð nr. 178/2018, dags. 15. febrúar 2018.

3.2.2 Val á verktaka og samningsgerð

Á grundvelli niðurstöðu útboðs gerir umhverfis- og skipulagssvið tillögu um val á verktaka og sér um samningagerð við hann.

3.3 Framkvæmd

3.3.1 Verklegr framkvæmd

Markmið við verklega framkvæmd er að verkkaupi fái á umsömdum tíma, innan ramma kostnaðaráætlunar og af tilskildum gæðum það mannvirki sem útboðsgögn lýsa. Stefnt er að því að áskildum gæðum sé náð m.a. með kröfum um gæðakerfi hjá verktökum.

3.3.2 Breytingar á verkinu

Breytingar á verklegri framkvæmd á framkvæmdatíma skulu ekki eiga sér stað nema brýna nauðsyn beri til. Slíkar breytingar skulu einungis gerðar samkvæmt ákvörðun verkkaupa.

3.4 Eftirlit

3.4.1 Ráðning eftirlitsaðila

Umhverfis- og skipulagssvið annast og ber ábyrgð á eftirliti með verklegri framkvæmd. Heimilt er að ráða eftirlitsaðila að verkefninu og gera við hann skriflegan samning sem byggir á útboðsgögnum.

3.4.2 Hlutverk eftirlitsaðila

Markmið eftirlits er að tryggja að verkkaupi fái í hendur á umsömdum tíma, innan ramma kostnaðaráætlunar og af tilskyldum gæðum það mannvirki sem útboðsgögn lýsa.

3.5 Afhending

3.5.1 Verklok og afhending

Fyrir verklok afhendir verktaki gögn um framkvæmdina í samræmi við kröfur útboðsgagna, svo sem teikningar, rekstrarleiðbeiningar og handbækur. Eftirlitsaðili undirbýr uppgjör við verktaka og sér um lokaúttekt.

3.5.2 Ábyrgðartími

Ábyrgðartími er eitt ár frá lokaúttekt. Verði notandi eða verkkaupi varir við einhverja galla á framkvæmd skulu þeir koma þeirri vitneskju til eftirlitsaðila sem sér um að verktaki lagfæri slíka galla. Við lok ábyrgðartíma annast eftirlitsaðili ábyrgðarúttekt og framkvæmdatrygging er felld niður.

4. Skilamat

Vinnsla og útgáfa á skilamati er fjórði og síðasti áfangi framkvæmdar. Í skilamati er árangur framkvæmdarinnar metinn og borinn saman við áætlanir og önnur sambærileg verk. Við gerð skilamats má styðjast við reglur um fyrirkomulag skilamats gefnar út af FSR í september 2001.

Til samanburðar skal endanlegur kostnaður borinn saman við heildarkostnaðaráætlun sbr. grein 2.4.1.

Viðmiðunarfjárhæðir innkaupa

Samkvæmt reglugerð nr. 178/2018 um auglýsingu innkaupa á útboðsvef, viðmiðunarfjárhæðir vegna opinberra innkaupa og innkaup samkvæmt samningi Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar (WTO) um opinber innkaup segir:

1. gr.; Öll innkaup opinberra aðila á vörum, þjónustu og verkum yfir innlendum og erlendum viðmiðunarfjárhæðum skulu auglýst opinberlega á útboðsvef sem er sameiginlegur auglýsingavettvangur fyrir opinber útboð, sbr. 55. Gr. Laga um opinber innkaup.
2. gr.; Viðmiðunarfjárhæðir vegna skyldu til útboðs innanlands, samkvæmt 1. mgr. 23. gr. laga um opinber innkaup eru:
 - Fyrir vöru- og þjónustusamninga kr. 15.500.000,-
 - Fyrir verksamninga kr. 49.000.000,-
3. gr.; Viðmiðunarfjárhæðir vegna skyldu til útboðs á Evrópska efnahagssvæðinu samkvæmt 4. Mgr. 23. Gr. Laga um opinber innkaup skulu vera sem hér segir: Sveitarfélög. Stofnanir þeirra, aðrir opinberir aðilar á þeirra vegum og samtök sem þessir aðilar kunna að hafa með sér.
 - Vörusamningar kr. 28.752.110,-
 - Þjónustusamningar kr. 28.752.110,-
 - Verksamningar kr. 721.794.800,-

Þar að auki skal unnið samkvæmt innkaupareglum Hafnarfjarðarbæjar en þar er miðað við:

Samkvæmt 9. grein; Meginreglan er sú að beitt skuli útboðum við innkaup. Þegar áætluð samningsfjárhæð verklegra framkvæmda er yfir kr. 30.000.000,- án vsk., skal viðhaft útboð. Ef áætluð fjárhæð vegna kaupa á þjónustu fer yfir kr. 15.000.000,- skal sömuleiðis viðhafa útboð.

Samkvæmt 11. grein; Skilyrt er að nota verðfyrirspurn þegar áætluð fjárhæð innkaupa vegna verklegra framkvæmda er yfir kr. 20.000.000,- og vegna kaupa á þjónustu fer yfir kr. 10.000.000,-

Tilboðsfrestur:

Í almennur opnu útboði er 15 dagar fyrir verk yfir innlendum mörkum 49 mkr., en 35 dagar fyrir verk yfir EES mörkum 721,8 mkr. Tilboðsfrestur styttest ef útboð eru rafræn í 10 daga og 30 daga.

Biðtími:

Biðtími er 5 dagar fyrir verk yfir innlendum mörkum og 10 dagar fyrir verk yfir EES mörkum.

Tilvísanir:

1. Lög um opinber innkaup, nr. 120/2016
2. Lög um skipan opinberra framkvæmda, nr. 84/2001.
3. Reglugerð um skipulag opinberra framkvæmda, nr. 715/2001
4. Reglugerð nr. 178/2018 um auglýsingu innkaupa á útboðsvef, viðmiðunarfjárhæðir vegna opinberra innkaupa og innkaup samkvæmt samningi Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar (WTO) um opinber innkaup
5. Innkaupareglur Hafnarfjarðarbæjar.